

Kynfólin falla að fótum kvenna – nornaveiðar á veiðilendum stjórnmalanna

Skammur tími er umliðinn síðan Frank Jensen, yfirborgarstjóri Kaupmannahafnar, sagði af sér vegna ósiðlegrar kvensemi. Samkvæmt sakarábera, Maria Gudme, hafði Frank á ölstofu árið 2012 lagt hendi á læri hennar og strokið upp undir klof. Foringi „Róttæka flokksins,“ (Radikale) Morten Østergaard, ráðherra, var ekki eins kræfur fyrir tíu árum síðan. Hann lét sér nægja að leggja höndina á læri Lotte Rod. Hann missti ráðherradóminn eins og sveindóminn áður. (Hinir dönsku eru lærissæknir mjög.) Gerð er aðför að Jeppe Kofod, sem átti samræði við fimmtán ára stúlku (yfir lögaldr), rúmlega þrítugur. Stúlkan hafði fúslega þegið boð um samverustund á hótélherbergi í teitislök. Fyrirverandi ráðherra þróunaraðstoðar, Christian Friis Bach, liggur óvígur, eftir slúður um kynáreitni.

Á heimavígstöðvunum hefur verið hægt og hljótt, síðan Samfylkingin fórnaði erkikvenfrelsanum, Ágústi Ólafi Ágústssyni, fyrir ýmis konar kynfólsku. Hann gaf meira að segja í skyn, að núverandi ríkisstjórn væri undir forsæti Bjarna Benediktssonar - fyrir utan meginglæpinn, þ.e. að reyna að stela kossi kvenmanns, lagalega fullveðja, sem bauð honum á mannlausan vinnustað, eftir næturlífsfjör.

Í Bandaríkjum Norður-Ameríku er fjörið mest að vanda. Andrew Como, ríkisstjóri og kvenfrelsari í Nýju Jórvík (NY), er m.a. þekktur fyrir aðfarir að körlum, sem ásakaðir hafa verið fyrir kynáreitni í garð kvenna (og kóf-klúður). En nú snúast spjótin í höndum hans eins og mörgum meðreiðarsveinum kvenkyns kvenfrelsara. Hann er ákærður fyrir kynbundið ofbeldi gegn fjölda kvenna, sjö að tölu, þegar síðast var vitað, sígild ákæra orðin í stjórnmalum og opinberu lífi yfirleitt á Vesturlöndum. Ákærurnar eru þessar í hnotskurn:

1)Hann kyssti mig án leyfis á varirnar á skrifstofu sinni; 2) Ég fékk á tilfinninguna, að hann vildi eiga við mig kynlíf; 3)Hann kyssti mig á kinnina í giftingarveislu, en bað mig um leyfi; 4)Hann faðmaði mig of innilega í illa lýstri vistarveru á gistihúsi fyrir rúmum tuttugu árum síðan; 5)Hann kallaði mig elsku (sweetheart), kyssti á hönd mína og snerti bak mitt að neðanverðu; 6)Hann otaði að mér pylsu í ásýnd dóttur sinnar – og vildi að ég æti hana (það er hér um bil það sama og að þvinga til munnmaka); 7)Hann hagaði orðum sínum á þann veg, að mér leið eins og ég væri barasta pils; 8)Hann snerti á mér olbogann; 9)Hann stakk hendinni óforvarandis undir skyrtuna og tók að þukla mig. Steininn tók þó úr, þegar ríkisstjórinn kallaði einn sakaráberanna „þekktan andstæðing.“ Það er hér um bil eins og að hika við að trúá nauðgunarákæru.

Jessica Bakeman skrifaði grein í „Intelligencer“ með titlinum: „Cuomo sá til þess, að það liði mér ekki úr minni, að ég væri kona“ (Cuomo Never Let Me Forget I Was a Woman). Sakaráberinn segir m.a.: „Ég hafði fundið fyrir höndum Andrew Cumos á líkama mínum – á handleggjum, öxlum, lágbaki og mitti. Það var nógu oft til að ég hafði ekki löngun til að vera honum samtímis í ... teiti“

Sakaráberarnir, konurnar umræddu, hrósa hver annarri – sem og fleiri gera og vera ber – fyrir hugþrýði, en þær þjáast enn af skömm, hugarangri, skelfingu og smán. En ríkisstjórinn situr sem fastast og sýnir alkunnan hrokagikkshátt, sem er dæmigerður fyrir karla. Kappinn segist saklaus vera. Honum virðist ekki ljóst, að við ofurefli sé að etja. Hans vitjunartími er kominn. Örlaganornirnar hafa spunnið vefinn.

Jessica González-Rojas, þing- og samflokkismaður Cuomo, er einn andstæðinga hans. Hún sér, að nú er lag, og bendir á nauðsyn þess að andæfa stærilæti ríkisstjórans og eitraðri karlmennsku hans. „Nú kastar tólfunum – við megum ekki virða að vettugi kynfólsku og valdamisnotkun þessa ríkisstjóra.“ Ætli hún eigi sér ríkisstjóradraum?

Það er róíð öllum árum: Shauna Thomas, meðstofnandi „UltraViolet,“ sem er baráttuhópur kvenfrelsara gegn kynfólsku, kynbundnu ofbeldi og öðru meinlegu háttæri karla, sagði: „Runnin er upp örlagastund réttlætis í garð aflifenda. Nauðsyn ber til að senda kýrskýr skilaboð [þess efnis], að áreitni og misnotkun á vinnustöðum hafi afleiðingar í för með sér eins og [þær] að geta ekki verið ríkisstjóri Nýju-Jórvíkur ríkis.“

Rúsínann í pylsuenda þessa stórkostlega leikrits er forsetapar Bandaríkja Norður-Ameríku, fjölþreifinn forseti (að eigin sögn), sem kvenfrelsararnir með „mee-too“ foringjann, Alyssa Milano, í fararbroddi, fyrirgáfu, sökum tímabundinnar gagnsemi - og varaforseti, sem fór í reiðtúr upp á miðjan alríkistindinn. Reiðskjótinn var roskinn áhrifakarl í stjórnámálum Kaliforníu, þeldökkur og harðgiftur. Kamala er kvenhetja, fyrirmynd kvenna í stjórnámálum Vesturlanda.

<https://www.theguardian.com/us-news/2021/mar/14/andrew-cuomo-unraveling-sexual-harassment-bullying-nursing-homes>

<https://nymag.com/intelligencer/article/andrew-cuomo-sexual-harassment-albany-reporter.html>